

Umsögn um mál 176, 150. löggjafarþing, þingskjal 177 –
frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt

Reykjavík, 15. mars 2020,

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, telur þrepaskiptingu erfðafjárskatts skynsamlega ráðstöfun, þó félagið telji að frumvarpið gangi ekki nægjanlega langt þegar kemur að erfðafjárskatti á stórar upphæðir.

Erfðafjárskattur er að mati félagsins réttlát og sanngjörn leið til þess að vinna gegn kynslóðabundnum ójöfnuði og samþjöppun auðs á milli kynslóða, auk þess að vera einn sanngjarnasti skattstofn sem hið opinbera innheimtir. Sanngjarn og vel útfærður erfðafjárskattur dregur úr misskiptingu auðs sem mismunandi ríkidæmi fjölskyldna veldur. Sem dæmi má nefna að einstaklingur með 400.000 krónur í mánaðarlaun greiðir 21% í skatta eftir að persónuafsláttur og framlag í séreignarsparnað hefur verið dregið frá, eða 80.938 krónur. Erfi fólk fjármuni frekar en að vinna fyrir þeim, greiðir fólk 10% í skatta eins og löggjöfin er nú, fyrir utan skattleysi af vissri upphæð.

Með öðrum orðum: Láglaunafólk greiðir hærra hlutfall af tekjum sínum í skatta en afkomendur ríkra Íslendinga greiða af fjármunum sem þeir erfa. Slíkt eykur ójöfnuð frekar en að draga úr honum. Enn verra er að boðað hefur verið stjórnarfrumvarp sem mun lækka hlutfallið niður í 5% á fyrstu 75 milljónunum (mál í Samráðsgátt nr. 242/2019).

Frumvarpið sem hér er til umsagnar gengur hins vegar ekki nógu langt í að draga úr ójöfnuði sem kemur til vegna arfs, þar sem stærrí upphæðir sem ganga í arf myndu enn bera hlutfallslega lægri skattþrósentu en vinnulaun, þrátt fyrir að um geti verið að ræða mjög háar upphæðir.

Einnig telur félagið nauðsynlegt að metin verði vandlega áhrif þess að skattstofn erfðafjárskatts sé hlutur hvers og eins erfingja fremur en heildarupphæð arfs. Þá er sérstaklega vakin athygli á því að í mörgum tilfellum eru erfingjar margir og þegar það leggst saman við að skattfrelsmörk verði hækkuð í 6,5 milljónir hlýtur það eðli málsins samkvæmt að hafa töluverð áhrif á tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni.

Í þessu ljósi mælir Alda með því að Alþingi samþykki heldur þrepaskiptingu í þeim anda sem lagt er til í þessu frumvarpi frekar en í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, og að útfærð verði þrep í viðbót fyrir enn hærri upphæðir. Skoða þarf vandlega áhrif þess að skatturinn og skattleysið sé reiknað út frá hverjum erfingja fremur en heildarupphæð arfs frá dánarbúi.

Fyrir hönd Öldu,

Sævar Finnbogason, stjórnarmaður

Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður